

Vestmannaeyjaferjan  
Herjólfur ohf.

Ársreikningur 2019

Vestmannaeyjaferjan  
Herjólfur ohf.  
Básaskersbryggju  
900 Vestmannaeyjum

kt. 420718-1280

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er rekstur ferjusiglinga á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap félagsins á árinu 16,4 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 227,5 millj kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 108,0 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 150,0 millj. kr. sem allt er í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Hlutafé félagsins í árslok nam 150,0 millj. kr. eins og í ársbyrjun. Hlutaféð er í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Samkvæmt 99. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög er óheimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin mun verða eftir að honum líkur.


Vænta má að áhrif á rekstur félagsins verði umtalsverð meðal annars vegna mikillar fækkunar farþega sem hefur strax áhrif á sértekjur og þar með talið lausafé félagsins.

Nánari umfjöllun er að finna í skýringu nr. 12 með ársreikningnum.


Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjum, 27. maí 2020.

Í stjórn félagsins:

  
Arnar Pétur  
Guðlaugur  
Hjóns Ómars dóttir -  
Andri Bj  
Taru

Varamenn:

  
Bjarna Víðó Þórsd.  
Ánta Jóhannsd.

Framkvæmdastjóri:

  
Guðbjartur Einarsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Veruleg óvissa tengd rekstrarhæfi

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 12 í ársreikningnum þar sem kemur fram að reiknað er með verulegu tekjufalli hjá félaginu á rekstrarárinu 2020 vegna áhrifa Covid-19. Viðræður standa nú yfir við íslenska ríkið um að tryggja rekstur félagsins með sérstakri fjárveitingu en beri þær ekki árangur er ljóst að verulegar vafi leikur á rekstrarhæfi félagsins.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.


Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Vestmannaeyjum, 27. maí 2020

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Ríkissjóðs .....	2c	517.551.259	0
Seld þjónusta .....		564.483.145	0
Seldar veitingar .....		69.529.631	0
		<u>1.151.564.035</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		34.931.449	0
Laun og launatengd gjöld .....	3	506.488.348	12.100.822
Rekstur skips, áhalda og tækja .....		468.642.899	1.321.750
Húsnæðiskostnaður .....		32.291.112	0
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		121.082.683	13.707.348
Afskriftir .....	4	4.198.226	0
		<u>1.167.634.717</u>	<u>27.129.920</u>
Rekstrartap .....		( 16.070.682)	( 27.129.920)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		1.080.732	1.607.323
Vaxtagjöld .....		( 1.239.211)	( 32.443)
Gengismunur .....		( 188.478)	0
		<u>( 346.957)</u>	<u>1.574.880</u>
<b>Tap ársins</b> .....	9	<u>( 16.417.639)</u>	<u>( 25.555.040)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	5	18.636.920	0
Rekstrarfjármunir .....	6	11.592.195	3.708.400
Fastafjármunir		<u>30.229.115</u>	<u>3.708.400</u>
Viðskiptakröfur .....		18.573.774	6.163.941
Krafa á Ríkissjóð .....	12	84.282.050	0
Aðrar skammtímaskröfur .....		11.689.638	550.626
Handbært fé .....		82.692.478	125.207.614
Veltufjármunir		<u>197.237.940</u>	<u>131.922.181</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>227.467.055</u></u>	<u><u>135.630.581</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		150.000.000	150.000.000
Ójafnað eigið fé .....		( 41.972.679)	( 25.555.040)
Eigið fé	9	<u>108.027.321</u>	<u>124.444.960</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		69.312.862	2.931.338
Skuldir við tengda aðila .....	11	3.124.744	0
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		6.350.630	2.240.616
Aðrar skammtímaskuldir .....		40.651.498	6.013.667
Skammtímaskuldir		<u>119.439.734</u>	<u>11.185.621</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>119.439.734</u>	<u>11.185.621</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>227.467.055</u></u>	<u><u>135.630.581</u></u>

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tap ársins .....	9 (	16.417.639)	( 25.555.040)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	4.198.226	0
Veltufé til rekstrar		<u>( 12.219.413)</u>	<u>( 25.555.040)</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, breyting .....	(	107.830.895)	( 4.473.951)
Skammtímaskuldir, breyting .....		104.144.099	8.945.005
Fyrirfram innheimtar tekjur, breyting .....		4.110.014	0
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		<u>423.218</u>	<u>4.471.054</u>
 Handbært fé til rekstrar		<u>( 11.796.195)</u>	<u>( 21.083.986)</u>
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	5 (	18.188.177)	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	6 (	12.530.764)	( 3.708.400)
Fjárfestingahreyfingar		<u>( 30.718.941)</u>	<u>( 3.708.400)</u>
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað hlutafé .....		<u>0</u>	<u>150.000.000</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>150.000.000</u>
 <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		<u>( 42.515.136)</u>	<u>125.207.614</u>
 <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>125.207.614</u>	<u>0</u>
 <b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>82.692.478</u></u>	<u><u>125.207.614</u></u>



# Skýringar

---

## 1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferð og árið áður.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Framlög frá Ríkissjóði eru færðar í samræmi við gildandi samning.

### d. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn óefnislegar eignir er færður kostnaður vegna kaupa á bókunarkerfi, hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum sem gjaldfærðar eru á fimm árum.

### e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Afskriftir reiknast af fastafjármunum þegar þeir hafa verið teknir í notkun. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Skrifstofubúnaður .....	5 ár
Áhöld og tæki .....	5 ár

### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### g. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af seldum ónotuðum farmiðum vegna ferða sem ekki hafa verið farnar.

### h. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 5,4 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

## Skýringar frh.:

### 2. Reikningsskilaaðferðir, frh. Grundvöllur reikningsskilanna

#### i. Skatteign

Skatteign félagsins er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn sökum óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni.

Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna afskrifta.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun .....	594.733.107	24.382.728
Dagpeningar og bifreiðastyrkir .....	6.966.784	0
Lífeyrissjóðsframlög .....	78.370.173	3.115.326
Önnur launatengd gjöld .....	51.498.084	2.178.037
Samtals laun og launatengd gjöld .....	731.568.148	29.676.091
Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum .....	( 225.079.800)	( 18.041.969)
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi samtals .....	506.488.348	11.634.122
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	66	4
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	55	4
Meðal stöðugildi á árinu (ársverk) .....	49	-

Laun og hlunnindi stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu 20,3 millj. kr. á árinu 2019 en þau námu 6,7 millj. kr. á árinu 2018.

Samkvæmt samningi félagsins bar Vegagerðin kostnað vegna launa tveggja starfsmanna félagsins fram að afhendingu skipsins, þann 31.03.2019. Til viðbótar þá tók Vegagerðin þátt í kostnaði sem féll til vegna seinkunar á afhendingu skipsins auk óhagræði sem fólst í rekstri tveggja skipa.

### 4. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2019	2018
Afskrift óefnislegra eigna .....	2.799.757	0
Afskrift rekstrarfjármuna .....	1.398.469	0
	4.198.226	0

### 5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2019.....	3.248.500
Bókfært verð 1.1.2019.....	3.248.500
Fjárfestingar á árinu .....	18.188.177
Afskrifað á árinu .....	( 2.799.757)
Bókfært verð 31.12 2019.....	18.636.920
Afskriftarhlutföll .....	20%

## Skýringar frh.:

### 6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Skrifstofu- búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2019.....	459.900	0	459.900
Bókfært verð 1.1.2019.....	459.900	0	459.900
Fjárfestingar á árinu .....	6.928.593	5.602.171	12.530.764
Afskrifað á árinu .....	( 872.628)	( 525.841)	( 1.398.469)
Bókfært verð 31.12.2019.....	6.515.865	5.076.330	11.592.195
Heildarverð 31.12.2019 .....	7.388.493	5.602.171	12.990.664
Afskrifað samtals 31.12.2019 .....	( 872.628)	( 525.841)	( 1.398.469)
Bókfært verð 31.12.2019 .....	6.515.865	5.076.330	11.592.195
Afskriftarhlutföll .....	20%	20%	

### 7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð búnaðar, áhalda og tækja nam 4 millj. kr. í árslok.

### 8. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:

	2019	2018
Skatteign í ársbyrjun .....	5.111.008	0
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	3.280.028	5.111.008
Skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	( 8.391.036)	( 5.111.008)
Skatteign í árslok .....	0	0

Skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði:

Fastafjármunir .....	( 552.165)	( 18.396)
Víðskiptakröfur .....	1.078.000	0
Gengismunur .....	25.130	0
Yfirfæranlegt tap .....	7.840.071	5.129.404
Skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	( 8.391.036)	( 5.111.008)
Skatteign í árslok .....	0	0

### 9. Eigið fé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Innborgað hlutfé .....	150.000.000	0	150.000.000
Tap ársins 2018 .....		( 25.555.040)	( 25.555.040)
Eigið fé 1.1.2019 .....	150.000.000	( 25.555.040)	124.444.960
Tap ársins 2019 .....		( 16.417.639)	( 16.417.639)
Eigið fé 31.12.2019 .....	150.000.000	( 41.972.679)	108.027.321

## Skýringar frh.:

---

### 10. Skattamál

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2019, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur 39,2 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:

Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársins 2028 .....	25.647.020
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársins 2029 .....	13.553.333
	<u>39.200.353</u>

### 11. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

#### Viðskipti við tengda aðila

	2019	2018
<b>Seld þjónusta:</b>		
Hluthafi félagsins .....	725.970	0
Félög í eigu stjórnenda .....	212.015	0
	<u>937.985</u>	<u>0</u>
<b>Kaup á vöru og þjónustu:</b>		
Hluthafi félagsins .....	38.227.024	0
Félög í eigu stjórnenda .....	385.950	1.658.334
	<u>38.612.974</u>	<u>1.658.334</u>
<b>Staða:</b>		
Stöður á tengda aðila greinast þannig í árslok:		
<b>Kröfur</b>		
Kröfur á hluthafa .....	87.500	0
	<u>87.500</u>	<u>0</u>
<b>Skuldir</b>		
Skuld við hluthafa .....	3.124.744	0
	<u>3.124.744</u>	<u>0</u>

### 12. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin mun verða eftir að honum líkur. Það er þó ljóst að áhrif á rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. verða umtalsverð.

Samkvæmt þeim sviðsmyndum sem stjórnendur félagsins hafa sett upp vegna áhrifa Covid-19 á rekstrarárið 2020 er fyrirséð að umtalsvert tekjufall blasir við félaginu á næstu mánuðum, annars vegar vegna fækkunar erlendra ferðamanna og hins vegar vegna óvissu um farþegaflutninga er tengjast stórum viðburðum sem venjulega fara árlega fram í Vestmannaeyjum. Þessi fækkun farþega hefur strax áhrif á tekjur af fargjöldum og þar með sjóðsflæði félagsins.

Viðræður standa nú yfir við Íslenska ríkið um að tryggja rekstur félagsins með sérstakri fjárveitingu en beri þær ekki árangur þá er ljóst að verulegur vafi leikur á rekstrarhæfi félagsins.

### 13. Önnur mál

Það er mat stjórnenda að félagið eigi kröfu á Vegagerðina vegna mála er snúa að drætti á afhendingu nýrrar ferju og breytingum á upphaflegum forsendum þjónustusamnings sem gerður var á milli aðila þann 16. maí 2018.

Um er að ræða viðbótar launakostnað vegna kröfu Samgöngustofu um mönnum á nýrri ferju, ógreiddar verðbætur vegna rangrar upphafsdagsetningar grunnvísitölu sem útreikningur verðbóta byggir á og ógreidda vexti vegna kostnaðar sem félagið lagði út fyrir en átti ekki að bera samkvæmt framangreindum samningi.

Það er mat stjórnenda Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. að ógreidd viðbótarframlög vegna ofangreindra mála séu á bilinu 82-92 millj. kr.

Framangreindar kröfur hafa ekki verið færðar til eignar í ársreikningi félagsins í árslok.